Ísland hefur verið þátttakandi í Evrópska innviðaverkefninu *EPOS, European Plate Observing System* (<u>https://www.epos-ip.org/</u>) seinasta áratuginn, eða þann tíma sem verkefnið var á Evrópska vegvísinum um uppbyggingu rannsóknarinnviða. Í framhaldi af verkefninu voru *EPOS ERIC (e. European Research Infrastructure Consortium*) innviðasamtökin stofnuð í lok 2018. Flestar þjóðir Evrópu hafa tekið þátt í uppbyggingu EPOS og fimmtán þeirra eru nú þegar orðnar meðlimir í *EPOS ERIC* samtökunum. Ísland hefur verið fullgildur meðlimur síðan í lok árs 2019. Þátttaka Íslands er leidd af Veðurstofu Íslands, en aðrir þátttakendur eru Háskóli Íslands og Landmælingar Íslands. Í október síðastliðinn gengu síðan Náttúrufræðistofnun Íslands og Íslenskar Orkurannsóknir til liðs við *EPOS Ísland* hópinn, þegar undirbúin var tillaga til Innviðasjóðs um að setja *EPOS Ísland* á íslenska Vegvísinn um uppbyggingu rannsóknarinnviða.



Myndin sýnir þáttökuþjóðir í EPOS: Löndin sem þegar eru gengin í EPOS ERIC (græn), þau sem eru að ganga inn (appelsínugul) og þau sem enn þá eru að undirbúa þátttöku (rauð).

Markmið *EPOS* er að efla evrópska jarðvísindasamfélagið og styrkja vísindarannsóknir í álfunni með því að byggja upp samtengda evrópska rannsóknainnviði í jarðvísindum og auðvelda þannig jarðvísindafólki og öðrum hagsmunaaðilum opið aðgengi að fjölþáttamæligögnum, afurðum, þjónustum, rannsóknarstofum og reikniklösum á sviði jarðvísinda sem fram til þessa hafa ekki verið aðgengileg með einföldum hætti. *EPOS ERIC* er stofnsett til að tryggja viðhald framþróun og reksturs þessara rafrænu innviða til framtíðar.

Þátttökulöndin í *EPOS ERIC* greiða aðildargjald að samtökunum, en gjöldin og mótframlög fjögurra leiðandi stofnana innan samtakanna standa undir kostnaði við rekstur ásamt þróun og viðhaldi miðlægrar kjarnaþjónustu (*e. Integrated Core Service, ICS*) sem tengist öllum þjónustum einstakra aðildarlanda og veitir miðlægt aðgengi að öllum þeim gögnum og afurðum sem innan vébanda *EPOS ERIC* eru. Hvert þátttökulandanna stendur sjálft straum af kostnaði

### 20. nóvember 2020

við mælingar og rekstur eigin mælineta, af gagnasöfnum og gæðaeftirliti þeirra ásamt rekstri gagnaþjónusta sinna, en *EPOS ERIC* samtökin styrkja að hluta undirþjónustur starfandi faghópa (*e. Thematic Core Services, TCS*). Enn fremur er reiknað með að samtökin muni greiða hluta rekstrarkostnaðar einstakra mikilvægra þjónusta faghópanna og munu þeir samningar væntanlega virkjast á næstu árum. Stærsti hluti uppbyggingar gagnaþjónusta mun samt sem áður að mestu leyti vera á forræði landanna sjálfra og þess vegna er mikilvægt að Innviðasjóður komi að uppbyggingunni á Íslandi.

Ísland er þátttakandi í þremur undirþjónustum (*TCS*), Eldfjalla, Nær-sprungu og GPS þjónustum og þegar er hafin uppbyggingu rafrænna þjónusta, sem veita aðgengi að íslenskum jarðvísindagögnum og tengjast *EPOS ERIC* gagnaþjónustunum. 13 gagnaþjónustur hafa verið byggðar á Veðurstofunni (<u>https://docs.vedur.is/api/epos/#/</u>), sem allar flokkast undir faghóp í eldfjallafræði og/eða faghóp um GPS gögn og veita opið aðgengi á veraldarvefnum að gögnum þriggja upphaflegu aðildarstofnananna.

Til að þjónusturnar geti annað því aðgengi sem vænst er í framtíðinni þarf að efla rafræna innviði (vélbúnað) og þróa verkferla fyrir langtíma rekstur. Þá þarf að framkvæma talsverða vinnu við að koma meiri gögnum og lýsigögnum á staðlað form og inn í þjónusturnar. Á næstu árum er einnig áætlað að opna aðgengi að gögnum og lýsigögnum úr meirihluta bæði jarðskjálftamælanets (SIL) og GPS mælanets (*ISGPS*) Íslands ásamt afleiddum afurðum úr þeim, eins og jarðskjálftalistum fyrir alla skráða skjálfta á Íslandi. Enn fremur eldfjallagögnum eins og ösku- og gasmælingum, ratsjármælingum frá gosmökkum fyrir öll gos seinustu tveggja áratuga. Slíkt opið aðgengi að íslenskum jarðvísindagögnum mun efla jarðvísindamenntun og rannsóknir á Íslandi og efla stöðu íslensks jarðvísindafólks til þátttöku í alþjóðlegum verkefnum. Til að gera þessa sýn mögulega í náinni framtíð, þarf *EPOS Ísland* að fara á íslenska vegvísinn um uppbyggingu rannsóknarinnviða.

# Þróun Skaftárkatla 1938-2020: Myndun og vöxtur öflugra háhitasvæða

Magnús Tumi Guðmundsson, Þórdís Högnadóttir, Eyjólfur Magnússon, Finnur Pálsson og Hannah I. Reynolds

Jarðvísindastofnun Háskólans, Háskóla Íslands, Sturlugötu 7, 102 Reykjavík

Hefðbundin mynd okkar af háhitasvæðum er að uppspretta jarðhitans séu kvika og innskot í rótum svæðanna. Þróun jarðhitasvæða séu yfirleitt hæg og þegar umtalsverðar breytingar verða tengist þær umbrotum og eldgosum í megineldstöðvunum sem hýsa svæðin. Skaftárkatlar falla þó illa að þessari mynd. Eystri og Vestari Skaftárketill í norðvestanverðum Vatnajökli eru 2-3 km breiðar og 50-150 m djúpar sigdældir með sprungukrans í jöðrum. Ísþykktin á þesssu svæði er víða 400-600 m. Katlarnir eru í dag með öflugri háhitasvæðum landsins. Bræðsluvatn safnast fyrir í 1-3 ár undir kötlunum og leitar svo framrásar í Skaftárhlaupum. Katlarnir eru á Lokahrygg, 3-5 km breiðum hálendishrygg undir jöklinum með austur-vestur stefnu. Svæðið liggur á milli þriggja megineldstöðva: Bárðarbungu, Grímsvatna og Hamarsins. Eftir Skaftárhlaupið stóra í byrjun október 2015 var ráðist í að endurmeta Skaftárhlaup og hættu af þeim innan langtímaverkefnis um mat á hættu af eldvirki hér á landi (GOSVÁ). Eitt viðfangsefnið var það mat á þróun Skaftárkatla sem þessi samantekt byggist á.

Skaftárhlaup hafa fjarri því verið stöðug í tímans rás. Heimildir um hlaupin á 20. öld sýna að fram yfir 1950 voru þau u.þ.b. árleg og miklu minni en nú er. Hlaupið í september 1955 var miklu stærra en fyrri hlaup og stærð, fjöldi og tíðni óx allt fram yfir 1980. Jöklaleiðangrar fóru um það svæði þar sem Skaftárkatlar eru í dag árin 1875 og 1951, en urðu þeirra ekki varir. Eystri-Skaftárketill sést á mynd sem tekin var af Steinþóri Sigurðssyni í lok maí 1938. Þetta var í fyrstu ferð flugvélar inn yfir Vatnajökul. Ketillinn var þá grunnur og sprungulaus og alls ólíkur því sem síðar varð. Hann óx hratt 1945-1970, en stóð því sem næst í stað tímabilið 1985-2010. Milli 2010 og 2015 stækkaði Eystri Skaftárketill enn, en hefur ekki vaxið síðustu fimm árin. Loftmyndir frá 1945 og 1946 sýna að Vestari Skaftárketill var ekki til á þeim tíma. Hann kemur í fyrsta skipti fram á loftmynd frá 1960. Hefur hann farið stækkandi allt fram á þennan dag.

Mat á tengslum stærðar sigkatla í jöklum og jarðhitafls undir þeim bendir til þess að afl Eystri Skaftárketils hafi verið af stærðargráðunni 200 MW um 1940, en vaxið í 800-1200 MW um 1970. Hefur það haldist svipað síðan. Eins og áður segir sáust engin merki um vestari ketilinn fyrr en 1960. Afl hans hefur vaxið nánast stöðugt síðan og er nú 600-800 MW. Hvor þeirra um sig telst því með öflugustu jarðhitasvæðum landsins. Orsakir þessara breytinga eru ekki þekktar, en fátt bendir til þess að eldgos undir jökli eigi þarna hlut að máli. Skaftárkatlar liggja utan þekktra megineldstöðva sem verður að teljast óvanalegt fyrir öflug háhitasvæði. Veruleg jarðskjálfavirkni hefur verið á Lokahrygg undanfarna áratugi. Aukning jarðhitans gæti tengst aukinni sprungulekt í heitu bergi, innskotavirkni eða blöndu af hvoru tveggja. Frekari rannsókna og líkanreikninga er þörft til að skilja þessa þróun.

# Straumlínulaga landform á Norðausturlandi: ummerki fornra ísstrauma

Nína Aradóttir, Ívar Örn Benediktsson og Ólafur Ingólfsson

Jarðvísindastofnun, Háskóli Íslands, Öskju, Sturlugata 7, 101 Reykjavík

Rannsóknir á landmótun ísstrauma eru mikilvægar til að auka skilning okkar á umfangi og virkni þeirra og þeim ferlum við botn sem stuðla að auknum skriðhraða og myndun landforma. Tilgátur hafa verið settar fram um ísstrauma í hinum íslenska meginjökli á síðasta jökulskeiði en takmarkaðar rannsóknir hafa verið gerðar á útbreiðslu þeirra og hegðun. Markmið þessa verkefnis er að rannsaka ummerki eftir forna ísstrauma á Norðausturlandi og þar með auka skilning okkar á landmótun, útbreiðslu og hegðun þeirra í tíma og rúmi, auk þekkingar á þeim ferlum sem stýra og stuðla að auknum skriðhraða. Þetta verður gert með því að kortleggja og rannsaka jökulræn landform og setlög frá Jökuldalsheiði norður til Vopnafjarðar, Bakkaflóa og Þistilfjarðar, með margvíslegum jarð- og jarðeðlisfræðilegum aðferðum. Aðaláherslan er lögð á straumlínulaga landform, sem eru flokkuð sem jökulöldur (e. drumlins) og risakembur (e. mega-scale glacial lineations). Svæði með greinilegum ummerkjum eftir ísstrauma hafa verið skilgreind og útbreiðsla og lega landformanna benda til nokkurra ísstrauma sem hafa verið virkir á mismunandi tíma. Mismunandi lögun landformanna milli svæða gefur til kynna sveiflur í þróun ísstraumanna í tíma og rúmi og breytileika í undirlagi þeirra. Niðurstöður verkefnisins munu auka skilning okkar á virkni fornra ísstrauma á Íslandi og þróun íslenska ísaldarjökulsins á síðjökultíma. Einnig munu niðurstöðurnar nýtast við að skorða líkön fyrir myndum landforma undir hraðskreiðum jöklum og viðbrögðum þeirra við hlýnandi loftslagi og hækkandi siávarstöðu.

20. nóvember 2020



Mynd 1. Yfirlitskort af rannsóknarsvæðinu sem nær frá Jökuldalsheiði norður til Vopnafjarðar, Bakkaflóa og Þistilfjarðar en hvítu punktalínurar tákna svæðisskiptinguna. Kortlagning sýnir greinileg ummerki ísstrauma í formi straumlínulaga landforma og landslags. Mynstur og stefna landformanna benda til a.m.k. tveggja kynslóða ísstrauma, þar sem yngri ísstraumar, t.a.m. í Vopnafirði og hugsanlega Þistilfirði, skera slóðir eldri ísstrauma, s.s. í Bakkaflóa og Bakkaheiði.

20. nóvember 2020

# Hitastigull á Reykjanesskaga utan jarðhitasvæða

Ólafur G. Flóvenz

ÍSOR, Grensásvegi 9, Reykjavík

Beinar upplýsingar um hita í jörðu fást með hitamælingum í borholum. Vegna þess að efstu 300 m jarðlaga á Reykjanesskaga eru í ungu og mjög leku bergi skolar grunnvatnsstraumur í burtu miklum hluta þess varma sem berst að neðan með varmaleiðni og kælir þannig bergið ofan til. Því þarf helst að minnst kosti 500m djúpar holur til að unnt sé að mæla hitastigul sem endurspeglar hina raunverulegu hitaaukningu með dýpi í jörðinni. Ef hitastigull er þekktur með áreiðanlegum hætti má nota hann til að meta hita fáeina kílómetra niður í jörðina að því gefnu að jarðlög séu þétt, af svipaðri gerð og fjarri virkum jarðhitakerfum þar sem lóðrétt hræring á sér stað.

Það getur verið nokkuð vandasamt að meta raunverulegan hita í því bergi sem borhola fer í gegnum. Fyrir því geta aðallega verið tvær ástæður. Í fyrsta lagi er algengt að einungis séu til mælingar sem gerðar voru skömmu eftir að borun lauk og bergið umhverfis þær þá truflað af kælingu skolvatnsins sem notað var við borunina. Í öðru lagi getur verið rennsli vatns úr holunni eða á milli vatnsæða í henni þannig að hitaferill holunnar sýnir ekki raunverulega berghita nema á fáeinum stöðum. Bæði tilvikin eiga að einhverju leyti við mælingar í holum á Reykjanesskaga. Því þarf því að skoða mælingarnar vel með tilliti til aðstæðna við mælingu til að meta hvar mælipunktar í holu sýna raunverulegan ótruflaðan berghita og áætla síðan hita inn á milli þeirra staða til að reikna hitastigul.

Á Reykjanesskaga vestan Kleifarvatns eru alls 66 borholur sem eru dýpri en 497m og því nothæfar til að meta hita djúpt í jörðu. Af þessum holum er 61 hola innan virkra háhitasvæða en aðeins 5 holur utan þeirra, allar norðan jarðskjálftabeltisins. Meðalhitastigull í þessum holum neðan leku jarðlaganna er metinn 107°C/km. Það jafngildir því að varmaflæðið upp í gegnum jarðskorpuna sé 0,18 W/m<sup>2</sup> á norðanverðum Reykjanesskaga.

Talið er að mörkin milli brotgjarnrar og deigrar jarðskorpu á Íslandi liggi nærri 600°C jafnhitafleti. Ef við framlengjum hitastigul einstakra holna línulega niður að 600°C fæst að dýpið þangað niður er á bilinu 5,3 til 7,3 km. Sennilega reiknaðist dýpið í raun heldur meira ef tekið væri tillit til varmaframleiðslu í skoprunni og svolítillar hækkunar á varmaleiðni bergs með dýpi. Líklegt er því að 600°C jafnhitaflöturinn liggi þarna á 6-8 km dýpi sem er í góðu samræmi við upplýsingar um dýptardreifingu jarðskjálfta.

### Jarðskjálftavirkni og sprungur á skáreksbelti Reykjanesskagans

Páll Einarsson<sup>1</sup>, Sveinbjörn Björnsson<sup>2</sup> og Ásta Rut Hjartardóttir<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Jarðvísindastofnun Háskólans, Sturlugötu 7

<sup>2</sup> Orkustofnun, Grensásvegi 9

Skáreksbeltið á Revkjanesskaga hefur nokkra sérstöðu meðal virkra flekaskila á Íslandi. Skárekið veldur því að á þessari grein flekaskilanna fer saman mikil kvikuvirkni og skjálftavirkni. Jarðskjálftavirknin fylgir um 10 km breiðu belti sem liggur eftir skaganum endilöngum og markar flekaskilin mill Norður-Ameríkuflekans og Evrasíuflekans. Kvikuvirknin fer að mestu fram innan sprungusveima eldstöðvarkerfanna en þeir stefna skáhallt á skilin og teygja sig inn í flekana til NA og SV og deyja bar út. Bæði skjálftavirknin og kvikuvirknin virðast vera hviðukenndar, kvikuvirknin á tímaskalanum þúsund ár en skjálftavirknin á tímaskala nokkurra áratuga. Skjálftahviða gekk yfir Reykjanesskaga á árunum 1967-1975. Þá urðu nokkrar skjálftahrinur sem fylgdu flekaskilunum allt frá Brennisteinsfjöllum vestur á Reykjanestá. Mynd 1 sýnir upptök 9 hrina í þessari hviðu frá 1971 til 1975. Aftur urðu hrinur í kjölfar skjálftanna á Suðurlandi árið 2000 (mynd 2). Stærstu skjálftarnir virðast tengjast sniðgengishreyfingum á N-S misgengjum. Skjálftavirknin ber annars meiri einkenni fráreksbelta vestan til á skaganum en hjáreksbelta begar austar dregur. Þetta kemur fram í hrinuhegðun, brotlausnum og stærð stærstu skjálfta. Virkni í sprungusveimum eldstöðvarkerfanna virðist fyrst og fremst tengd kvikuvirkni, innskotum og eldgosum. Síðustu gos á Reykjanesskaga urðu á þrettándu öld. Háhitasvæðin á skaganum eru bar sem sprungusveimarnir skera flekaskilin og virðast því nátengd innskotavirkni. Jarðskorpuhreyfingarnar sem mælst hafa undanfarið vestan Þorbjörns eru hluti af atburðarás sem nær til lengri tíma, allt frá því að jarðskjálftahrina varð við Fagradalsfjall í desember 2019. Þaðan hefur skjálftavirknin síðan breiðst út, fyrst til vesturs, síðan austurs. Landrisið við Þorbjörn hófst 20. janúar um það leyti sem skjálftavirknin fór þar um. Stærsti skjálfti í atburðarásinni til þessa varð 20. október og var 5,6 að stærð (Mw). Hann átti upptök á N-S sniðgengi sem liggur um Núpshlíðarháls og Driffell. Á upptakasvæðinu mátti víða finna sprungur á yfirborði, grjóthrun og vísbendingar um háa hröðun.

#### Tilvitnanir:

- Björnsson, S., P. Einarsson, H. Tulinius, Á. R. Hjartardóttir, 2018. Seismicity of the Reykjanes Peninsula 1971-1976. J. Volcanol. Geothermal Res., https://doi.org/10.1016/j.jvolgeores.2018.04.026.
- Clifton, A., Kattenhorn, S.A., 2006. Structural architecture of a highly oblique divergent plate boundary segment. Tectonophysics, 419, 27–40.
- Einarsson, P., Á. R. Hjartardóttir, P. Imsland, S. Hreinsdóttir. 2018. The structure of seismogenic strike-slip faults in the eastern part of the Reykjanes Peninsula oblique rift, SW Iceland. Journal of Volcanology and Geothermal Research, doi:10.1016/j.jvolgeores.2018.04.029.

20. nóvember 2020



Mynd 1. Yfirlitskort af skjálftahrinum á Reykjanesskaga á árunum 1971-1976 (Björnsson et al. 2018). Gefin er jafngildisstærð hrinanna **M**tot sem er stærð reiknuð út frá samanlögðu skjálftavægi skjálftanna í hrinunni.



Mynd 2. Yfirlitskort af sprungum og jarðskjálftum ( $M \ge 4$ ) á Reykjanesskaga 1971-1976 og 1991-2020. Gögn frá Clifton and Kattenhorn (2006), Björnsson et al. (2018), Einarsson et al. (2018), Veðurstofu Íslands, Landmælingum Íslands, og Þýsku geimferðastofnuninni.

# Sulfur isotope point-of-view on lower and upper mantle reservoirs below Iceland

Eemu Ranta<sup>1</sup>, Jóhann Gunnarsson-Robin<sup>1</sup>, Sæmundur A. Halldórsson<sup>1</sup>, Shuhei Ono<sup>2</sup>, Gareth Izon<sup>2</sup>, Matthew G. Jackson<sup>3</sup>, Callum D.J. Reekie<sup>4</sup>, Frances E. Jenner<sup>5</sup>, Guðmundur H. Guðfinnsson<sup>1</sup>, Ólafur P. Jónsson<sup>1</sup> and Andri Stefánsson<sup>1</sup>

<sup>1</sup>Nordic Volcanological Center, Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Iceland

<sup>2</sup>Department of Earth, Atmospheric and Planetary Sciences, Massachusetts Institute of Technology, USA

<sup>3</sup>Department of Earth Science, University of California, Santa Barbara, USA

<sup>4</sup>Department of Earth Sciences, University of Cambridge, UK

<sup>5</sup>School of Environment, Earth and Ecosystem Sciences, The Open University, UK

Stable sulfur isotope ratios of mid-ocean ridge and ocean island basalts (MORBs and OIBs) preserve unique information about early Earth processes like core-mantle differentiation, but also record the later imprint of subduction on the chemical composition of the mantle. Icelandic basalts are thought to sample the oldest known terrestrial reservoir (>4.45 Ga) through a deeprooted mantle plume and thus provide ideal material for better resolving Early Earth processes.

We present new sulfur concentration, speciation (S<sup>6+</sup>/ $\Sigma$ S) and isotope data ( $\delta^{34}$ S,  $\Delta^{33}$ S) for a large sample set (n = 62) focused on subglacially erupted basaltic glasses from the neovolcanic zones of Iceland. We use these data along with trace element systematics to account for the effects of crustal magmatic processing (degassing and immiscible sulfide melt formation) on  $\delta^{34}$ S, and show that primitive (MgO > 6 wt.%), undegassed glasses accurately record the  $\delta^{34}$ S signatures of their mantle sources. These samples define an Icelandic mantle with  $\delta^{34}$ S<sub>22</sub> between -2.5 and -0.1 %, extending to more negative values compared to the depleted MORB source mantle (DMM) ( $\delta^{34}$ S = -1.3±0.3 ‰) and previously published  $\delta^{34}$ S values for Iceland.

Negative  $\delta^{34}$ S and  $\Delta^{33}$ S signatures are most prominent in basalts from the Snæfellsnes Peninsula and the Kverkfjöll volcanic system, which also have the lowest, MORB-like <sup>3</sup>He/<sup>4</sup>He (8-9 R/R<sub>A</sub>), as well as the highest Ba/La (up to 12) in Iceland. To explain these correlations, we propose that subduction fluid-enriched mantle wedge type material (EMW) in the North Atlantic upper mantle remaining from Paleozoic subduction events constitutes a low  $\delta^{34}$ S- $\Delta^{33}$ S component in the Iceland mantle. This suggests that volatile heterogeneity in Iceland, and potentially at other OIBs, may originate not only from a heterogeneous mantle plume, but also from a heterogenous local upper mantle.

A set of samples with high  ${}^{3}\text{He}/{}^{4}\text{He}$  (up to 25.9 R/R<sub>A</sub>) and negative  $\mu^{182}$ W anomalies define a primordial lower mantle reservoir with  $\delta^{34}S_{\Sigma S}$  and  $\Delta^{33}S$  of -0.3 ‰ and 0 ‰, respectively, which is distinct from the S isotopic composition of DMM. The near-chondritic S isotope signature can be explained if the high- ${}^{3}\text{He}/{}^{4}\text{He}$  mantle retains sulfur that pre-dates core formation, or, analogue to recent models explaining negative  $\mu^{182}$ W anomalies in OIBs, has been later supplemented with sulfur from the core.

# Kolefnisbúskapur Íslands

# Sigurður Reynir Gíslason, Marin I. Kardjilov, Eydís Salome Eiríksdóttir og Guðrún Gísladóttir

#### Háskóla íslands og Hafrannsóknastofnun

Allt kolefni við yfirborð jarðar er ættað úr bergi. Kolefnið ferðast úr einum stað í annan og dvelst mislengi á hverjum stað, lengi í bergi og sjó en stutt í lífverum og andrúmslofti.

Útstreymi koltvíoxíðs (CO<sub>2</sub>) um eldfjöll á Íslandi hefur verið áætlað +1 til +2 milljónir tonna á ári [1,2]. Mest af koltvíoxíðinu losnar milli eldgosa en ekki í eldgosum. Þetta er streymi um eldfjöll, jarðhitasvæði, grunnvatn og jarðveg. Efnaveðrun og efnarof bergs á Íslandi bindur árlega rúmlega -3 milljónir tonna af leystu koltvíoxíði á formi bíkarbónats (HCO3<sup>-</sup>) í straumvötnum ef miðað er við heildarafrennsli af landi og vensl efnarofs, kolefnisbindingar og afrennslis vatns af Íslandi [3]. Hraði efnaveðrunar og efnarofs og þ.a.l. binding koltvíoxíðs eykst með auknu afrennsli, hækkandi hita og lækkandi aldri bergs [4,5,6]. Með auknu afrennsli vatns af landinu á komandi árum og hækkandi hita má gera ráð fyrir vaxandi bindingu vegna efnarofs bergs. Til dæmis hefur binding koltvíoxíðs á vatnasviði Jökulsár í Fljótsdal aukist um 40% síðastliðin 40 ár [6]. Útstreymi um eldfjöll og binding við efnaveðrun sílíkata og rof á Íslandi eru fulltrúar hinnar hægu hringrásar ólífræns kolefnis á jörðinni. Hin hraða hringrás kolefnis á jörðinni og Íslandi fer fram með efnaskiptum milli gróðurs, jarðvegs, sjávar, andrúmslofts og athafna mannsins. Árlegur kolefnisstraumur (GPP) um gróður á Íslandi við ljóstillífun var að meðaltali um -66 milljón tonn af CO<sub>2</sub> á árunum 2000 til 2006 [7]. Að frádreginni öndun gróðursins, +28 milljón tonnum, bundu plöntur um -38 milljón tonn koltvíoxíðs á ári [7]. Árlegt flæði bessa kolefnis um þann hluta landsins sem er hulinn gróðri var að meðaltali um 340 grömm af kolefni á fermetra á ári (GPP gC/m<sup>2</sup>/ár), og er það um fjórðungur meðaltals fyrir gróður á jörðinni [7,8,9]. Ef við miðum við massa koltvíoxíðs, CO<sub>2</sub>, jafngildir þetta 1,2 kg af koltvíoxíði á fermetra gróins lands á ári. Um 42% þess berast aftur til andrúmslofts vegna öndunar gróðurs, og eins losnar koltvíoxíð vegna öndunar lífvera sem nærast á gróðrinum og vegna rotnunar lífræna efnisins ofan- og neðanjarðar. Á myndinni á næstu síðu er gert ráð fyrir að jafnmikið bindist við ljóstillífun og tapast aftur til andrúmslofts vegna öndunar lífvera og rotnunar lífræns efnis, en á myndinni er sett spurningarmerki við strevmi frá Íslandi vegna óvissunnar. Hins vegar hefur kolefnisbúskapur vegna landnotkunar verið skilgreindur, eins og lýst verður hér á eftir. Árlegt afrennsli lífræns kolefnis í upplausn með íslenskum straumvötnum, svokallað efnarof lífræns efnis, sem er einskonar sykur sem lífverur framleiða, skammstafað DOC ("dissolved organic carbon"), er um -0,15 milljón tonn af bundnu kolefni í CO<sub>2</sub>-ígildum. Vensl eru milli ljóstillífunar plantna á Íslandi og þessarar bindingar kolefnis, og eykst bindingin með hækkandi hitastigi [7]. Flutningur lífrænna agna í gruggi með straumvötnum af Íslandi, svokallað aflrænt rof lífræns efnis, er af svipaðri stærðargráðu og flutningur leysts lífræns efnis [7], þ.e. um -0,15 milljón tonn af bundnu kolefni í CO<sub>2</sub>-ígildi. Þessar lífrænu agnir upprunnar úr jarðvegi og beint úr plöntum á landi, sem og plöntum og bakteríum í vatni. Þær geta grafist djúpt í seti á íslenska landgrunninu og orðið hluti af setbergi, og þar með farið í hina hægu hringrás lífræns kolefnis. Einnig getur lífræna efnið rotnað efst í setinu, og þar með skilað koltvíoxíðinu til botnsjávarins, en það getur tekið koltvíoxíð áratugi eða jafnvel aldir að komast aftur til andrúmslofts. Ekki er lagt mat á vindborið lífrænt efni sem fýkur af landi til sjávar. Nettó útstreymi gróðurhúsalofttegunda, í CO<sub>2</sub>-ígildum,

#### 20. nóvember 2020

vegna landnotkunar hér á landi var um +1,13milljón tonn árið 2006 [10]. Árið 2006 stafaði koltvíoxíðútstreymi vegna landnotkunar Íslendinga að mestu af framræsingu mýra og nam +1,48 milljónum tonna CO<sub>2</sub>-ígilda. Þá var binding vegna skógræktar -0,134 milljón tonn og vegna landgræðslu -0,554 milljón tonn[10]. Útstreymi hláturgass, N<sub>2</sub>O, sem var 323 þúsund tonn CO<sub>2</sub>-ígilda, 2006, er ekki með í þessum tölum. Árið 2006 var útstreymi koltvíoxíðs og metans af völdum Íslendinga, að undanskilinni landnotkun, um +4 milljónir tonna reiknað í CO<sub>2</sub>-ígildum [10]. Það ár var útstreymi koltvíoxíðs +3,57 milljón tonn og útstreymi metans var +22 búsund tonn, en margfaldað með hlýnunarmætti metans, 21, jafngildir losun metans +462 búsund tonna útstreymi í CO<sub>2</sub>-ígildum. Samtals er betta +4,0 milljónir tonna í CO<sub>2</sub>-ígildum en +3,63 milljónir tonna miðað við massa CO<sub>2</sub> eingöngu eins og sýnt er á myndinni hér fyrir neðan. Ef allir þættir í kolefnisbúskap Íslands árið 2006 eru lagðir saman, náttúrulegir og mannlegir, er nettólosun frá Íslandi beint til andrúmslofts, miðað við massa CO<sub>2</sub>, um +3,2 milljónir tonna Árið 2006 [11]. Áhugavert er að bera saman kolefnisbúskap Íslands á myndinni við kolefnisbúskap jarðarinnar. Hlutfall ljóstillífunar (GPP) plantna á landi og kolefnisbindingar við efnarof straumvatna er 19,3 á Íslandi en 150 fyrir þurrlendi jarðarinnar. Þetta stafar af takmarkaðri gróðurþekju og lítilli afkastagetu gróðurs [7], ásamt hlutfallslega mikilli efnaveðrun og efnarofi á Íslandi [4,11]. Hlutfall ljóstillífunar (GPP) plantna á landi og landnotkunar er nokkuð svipað á Íslandi, 83, og á öllu þurrlendi jarðar, 75 [11]. Árið 2006 voru áhrif Íslendinga á kolefnisbúskap gróðurs aðeins minni en að meðaltali á jörðinni. Á Íslandi vegur framræsing mýra á Íslandi þyngst, eins og þau voru fram talin árið 2008 [10].

Árið 2006 losuðu Íslendingar svipað magn koltvíoxíðs og bundið var við veðrun á Íslandi, sem íslensk straumvötn báru til sjávar. Þetta er mun hærra hlutfall en gildir um Jörðina, þar er hluti veðrunar er aðeins 1-10% þess sem, Jarðarbúar losa til andrúmslofts [12].



Milljónir tonna af CO<sub>2</sub> á ári (2006)

#### 20. nóvember 2020

- Arnórsson, S. og S. R. Gíslason (1994). CO<sub>2</sub> from magmatic sources in Iceland. Mineralogical Magazine 58A, 27–28.
- [2] Ármannsson, H., Þ. Friðriksson og B. R. Kristjánsson (2005). CO<sub>2</sub> emissions from geothermal power plants and natural geothermal activity in Iceland. Geothermics 34, 286–296
- [3] Gíslason, S. R. (2005). Chemical weathering, chemical denudation and the CO<sub>2</sub> budget for Iceland. I: Iceland-Modern Processes and Past Environments, ritstj.: C. Caseldine, A. Russell, J. Harðardóttir og Ó. Knudsen, 289–307, Elsevier.
- [4] Gíslason, S. R., S. Arnórsson og H. Ármannsson (1996). Chemical weathering of basalt in SW Iceland: Effects of runoff, age of rocks and vegetative/glacial cover. American Journal of Science 296, 837–907.
- [5] Gíslason, S. R. (2008). Weathering in Iceland. Jökull 58, 387-408.
- [6] Gíslason, S. R., E. H. Oelkers, E. S. Eiríksdóttir, M. I. Kardjilov, G. Gísladóttir, B. Sigfússon, A. Snorrason, Elefsen S. O, Harðardóttir J., Torssander P. og Óskarsson N. Ö. (2009). Direct evidence of the feedback between climate and weathering. Earth and Planetary Science Letters, 277, 213–222.
- [7] Kardjilov, M. I. (2008). Riverine and Terrestrial carbon fluxes in Iceland. Phd dissertation from University of Iceland, Háskóli Íslands.
- [8] Zhao, M., F. A. Heinsch, R. R. Nemani og S. W. Running (2005). Improvements of the ModIS terrestrial gross and net primary production global dataset. Remote Sensing of Environment 95, 164–176.
- [9] Running, S. W., R. R. Nemani, F. A. Heinsch, M. Zhao, M. Reeves og H. Hashimoto (2004). A continuous satellite-derived measure of global terrestrial primary production. Bioscience 56, 547–560.
- [10] Birna S. Hallsdóttir, Kristín Harðardóttir og Jón Guðmundsson (2008). National Inventory Report, Iceland 2008. Submitted under the United Nations Framework Convention on Climate Change. USt-2008:04, Umhverfisstofnun.
- [11] Sigurður Reynir Gíslason (2012). Kolefnishringrásin. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, Iceland, 269 bls.
- [12] IPCC 2013. Ciais, et al. 2013: Carbon and Other Biogeochemical Cycles. In: Climate Change 2013: The Physical Science Basis. Contribution of Working Group I to the Fifth Assessment Report of the Intergovernmental Panel on Climate Change [Stocker et al. (eds.)].

# InSAR Observations and Source Modeling of the Magnitude 5.6 Núpshlíðarháls Earthquake on 20 October 2020

Sigurjón Jónsson, Yunmeng Cao, Hannes Vasyura-Bathke and Xing Li

King Abdullah University of Science and Technology (KAUST), Thuwal, Saudi Arabia

The magnitude 5.6 earthquake that rocked Reykjavík and surroundings on 20 October 2020 was the largest earthquake on Reykjanes peninsula since the 17 June 2000 Kleifarvatn event. The epicenter of the recent earthquake was located under Núpshlíðarháls, about 7 km westsouthwest from Kleifarvatn. Here we use both ascending- and descending-orbit InSAR images, processed from data acquired by the Sentinel-1 and TerraSAR-X radar satellites, to map the coseismic surface fractures and deformation caused by the earthquake. The data show small movement of a number of North-South and SSW-NNE oriented surface fractures, most of which are located north of the epicenter, distributed over an area that is about 8 km long in total from North to South. Mapping of the deformation shows several centimeters of coseismic deformation with a pattern expected from an earthquake that is primarily a right-lateral strikeslip earthquake on a North-South oriented fault. As the InSAR data are primarily sensitive to east-west and vertical displacements, we additionally use split-beam interferometry to obtain more information about north-south displacements. For this, we use burst-overlap interferometry (BOI), in the case of Sentinel-1 data, and multiple-aperture interferometry (MAI) on the TerraSAR-X data. Together with the standard InSAR data, we estimate the full 3D coseismic surface displacement field of the earthquake. These results show that most of the fractures on the surface had limited surface offset, apart from a 2-3 km long North-South trending segment just north of the epicenter that has about 15 cm of right-lateral fault offset at the surface. Preliminary elastic source modeling of the earthquake shows that the deformation is consistent with a near vertical north-south striking fault with peak fault slip of about 30 cm at roughly 3 km depth below the surface. The estimated geodetic moment of the model amounts to a magnitude 5.6 earthquake, consistent with seismological estimates. The observation that most of the modeled fault slip and mapped surface fractures are located North of the epicenter indicates that the earthquake ruptured unilaterally from south to north, which is in agreement with the more severe surface effects and shaking reported from near Keilir at the northern end of the earthquake rupture.

### The GEOENVI project-overview

### Sylvía Rakel Guðjónsdóttir, srg@os.is

Orkustofnun

The GEOENVI project targets six countries in its first phase: Iceland, France, Belgium, Italy, Hungary and Turkey. The objective of the GEOENVI project is to make sure that deep geothermal energy can play its role in Europe's future energy supply in an increasingly sustainable way and to create a robust strategy to answer environmental concerns in terms of both impacts and risks. This is done by setting an adapted LCA methodology for assessing environment impacts to the project developers, and by assessing the environmental impacts and risks of geothermal projects operational or in development in Europe. It will engage with all geothermal stakeholders to ensure the exchange of best practices, to test and receive feedbacks on the harmonized methods developed in selected areas and to facilitate the replication of the approach across Europe. Within the project several national workshops and seminars are carried out in order to fulfill the involvement of geothermal stakeholders to its fullest. The project is set up in total of 6 work packages and the projects timeline is 30 months, ending in April 2021.During the project result dissemination phase, the objective is to cover the rest of Europe.

The project is funded by the European Union's Horizon 2020 research and innovation program and coordinated by EGEC (for more information go to the GEOENVI website, <u>https://www.geoenvi.eu/</u>).

# Detection of temporal seismic velocity variations at Reykjanes Peninsula, Iceland, using seismic ambient noise

Yeşim Çubuk-Sabuncu<sup>1</sup>,Kristín Jónsdóttir<sup>1</sup>,Thomas Lecocq<sup>2</sup>, Corentin Caudron<sup>3</sup>, Michelle Maree Parks<sup>1</sup>, Aurélien Mordret<sup>3</sup> and Halldór Geirsson<sup>4</sup>

<sup>1</sup> Icelandic Meteorological Office, Iceland

<sup>2</sup> Royal Observatory of Belgium, Belgium

<sup>3</sup> STerre, France

<sup>4</sup> University of Iceland, Iceland

The continuous real-time analysis of seismic velocity changes is a new and rapidly evolving part of monitoring volcanic activity since it can detect pre-eruptive signals caused by magma migration in the crust. In Iceland, volcanic eruptions occur every 3-5 years on average, and the associated hazards have the potential to significantly impact local inhabitants and infrastructure as well as air traffic. We analyzed continuous seismograms recorded by the permanent seismic network operated by the Icelandic Meteorological Office (IMO, http://www.vedur.is) to monitor the 2020 unrest in the vicinity of Mt. Thorbjörn, Reykjanes Peninsula. GPS and InSAR observations confirmed surface deformation centered near Mt. Thorbjörn, which is likely due to repeated magmatic intrusions in the crust. An intense earthquake swarm activity occurred during the unrest period, and approximately ~14,000 earthquakes (M>-2) have been reported around the center of uplift. A large amount of high-quality ambient noise data provided a unique opportunity for near-real-time monitoring of the rapid magmatic intrusions for the first time in Iceland. We used the state-of-the-art MSNoise software package (http://www.msnoise.org) to calculate cross-correlation functions (CCFs) of ambient seismic noise. We quantified the relative seismic velocity variations (dv/v) with seismic interferometry. We characterized the temporal variations of subsurface seismic velocities using different methods, and the resulting velocity changes were comparable, indicating the robustness of our calculations. A seasonal correction was applied by removing the trend using an average seasonal reference defined for the Revkianes Peninsula regional network based on two-years of records. Our results show a significant decrease in the subsurface seismic velocities in the vicinity of Mt.Thorbjörn following the unrest period. We compared dv/v with GPS and InSAR data recorded close to the repeated intrusions and found a good correlation throughout the unrest period, possibly implying that similar physical processes are responsible for these independent observations. This study is supported by the Icelandic Research Fund, Rannis (Grant No: 185209-051).

# Iceland GeoSurvey's seismic monitoring of exploited geothermal fields in Iceland

Thorbjörg Ágústsdóttir, Kristján Ágústsson, Sigríður Kristjánsdóttir, Egill Árni Guðnason, Rögnvaldur Líndal Magnússon, Gylfi Páll Hersir, Karl Gunnarsson, Ingvar Þór Magnússon, Friðgeir Pétursson, Hanna Blanck and Ólafur G. Flóvenz

ÍSOR

Geothermal areas in Iceland, especially the high temperature ones, are located in tectonically active areas, that naturally experience seismicity. Iceland has successfully exploited the bountiful energy of the geothermal areas, both for electrical production and space heating. Iceland GeoSurvey (ÍSOR) currently monitors six exploited geothermal areas with permanent seismic stations for three Icelandic energy companies: Reykjavík Energy (ON), Landsvirkjun Power (LV) and Norðurorka (NO). Previously, ÍSOR also operated a seismic network for HS Orka, and has in the past run various temporary networks for the Icelandic energy companies. The geothermal areas currently monitored are Hellisheiði (ON), Nesjavellir (ON), Krafla (LV), Námafjall (LV), Þeistareykir (LV) and Eyjafjörður (NO). Additionally, ÍSOR takes part in multiple European collaboration projects in geothermal areas with the respective energy companies, as well as independent research institutions. Currently, there are 92 stations online, streaming data in real-time to ÍSOR, and subsequently, automatic locations of earthquakes are available to the respective energy company. The online seismic stations are a combination of stations owned by the energy companies, ISOR stations operated for the energy companies, stations from the national seismic network of the Icelandic Meteorological Office and research stations. The seismic networks comprise 1s, 5s and 120s instruments. In addition, ISOR's collaborators run offline research networks of 31 stations in total on the Reykjanes peninsula, comprising 30s and 120s instruments.

The SeisComP software is used for automatic detection and location of earthquakes, and day to day monitoring of the geothermal areas where all events are manually refined. In general, increased but variable seismic rate is observed in production and injection areas. However, it can be challenging to distinguish between natural and induced seismicity. The mapping of seismic activity can give valuable information about the fracture permeability of the geothermal fields. For more detailed analysis, new 1D velocity models are constructed, earthquakes are relatively relocated, and earthquake source mechanisms calculated. The development of ISOR's seismic data analysis mostly takes place within the European collaboration projects, where for example new SeisComP modules are tested and implemented, new data processing techniques explored, and beneficial relationships between scientists are established. ISOR strives towards interdisciplinary interpretation of the seismic data with existing geophysical and geological data sets.

20. nóvember 2020



Figure 1. ON/ÍSOR seismic station at Nesjavellir. Photo: Egill Árni Guðnason



Figure 2. Seismicity in the Hengill geothermal area, SW Iceland, 2018-2020. Refined SeisComP earthquake locations, colour coded by year. Inverted triangles are seismic stations.



Figure 3. Seismicity in Nesjavellir (Ne) in the northern part of the Hengill geothermal area, 2018-2020. Refined SeisComp earthquake locations are colour coded by 3 -month periods and sized according to magnitude. Inverted triangles are seismic stations. Wellheads and well trajectories are turquise in map view, and well trajectories are black lines in depth view.

## Deep seated gravitational slope deformation north of the Tungnakvíslarjökull outlet glacier, in western part of the Mýrdalsjökull glacier

Þorsteinn Sæmundsson<sup>1</sup>, Páll Einarsson<sup>1</sup>, Halldór Geirsson<sup>1</sup>, Joaquin Belart<sup>2</sup>, Ásta Rut Hjartardóttir<sup>1</sup>, Eyjólfur Magnússon<sup>1</sup>, Finnur Pálsson<sup>1</sup>, Gro Pedersen<sup>1</sup>, Vincent Drouin<sup>3</sup> and Daníel Ben-Yohoshua<sup>1</sup>

<sup>1</sup>University of Iceland, Institute of Earth Sciences, Reykjavík, Iceland (steinis@hi.is)

<sup>2</sup>National Land Survey of Iceland, Akranes, Iceland

<sup>3</sup>ÍSOR, Icelandic GeoSurvey, Reykjavík, Iceland

A large deep seated gravitational slope deformation has been detected in a mountain slope north of the Tungnakvíslarjökull outlet glacier, in the western part of the Mýrdalsjökull ice cap in South Iceland. According to observations, which were based on comparison of DEM from aerial photographs from 1945 to 2019, the slope has been showing slow gravitational slope deformation since at least 1945. During that time period the total displacement is around 200 m. The data also show that the deformation rate has not been constant over this time period. The maximum deformation rate occurred between 1999 and 2004 of total of 94 m or about 19 m/year.

The mountain slope north of the Tungnakvíslarjökull outlet glaciers reaches up to around 1100 m height. The head scarp of the slide, which is almost vertical, is around 2 km wide rising from about 4-500 m in the western part up to the Mýrdalsjökull glacier at 1100 m in the east. The total sliding from the head scarp down to the present-day ice margin is around 1 km<sup>2</sup>. The total volume of the moving mass is not known as the sliding plane is not known, but the minimum volume might be between 100 to 200 million m<sup>3</sup>. The entire slope shows signs of displacement and is heavily fractured and broken up. A continuous GNSS stations which were installed in the uppermost part of the slope in August 2019 and in the lower part of the slope in 2020 have given valuable data about the displacement rate.

The area around the Tungnakvíslarjökull slide has been persistently seismically active as long as the seismic network has allowed relatively precise epicentral locations in this area, which was in the early seventies.

There are two main ideas of the causes for this deformation. One is the consequences of slope steepening by glacial erosion, followed by unloading and de-buttressing due to glacial retreat. Another proposed cause for the deformation is related to its location on the western flank of the Katla volcano. Persistent seismic activity in this area for decades may be explained by a slowly rising cryptodome, which may also explain the slope failure.

### Jökulhlaup úr jaðarlóni Flosajökuls í Langjökli

Þorsteinn Þorsteinsson<sup>1</sup>, Esther Hlíðar Jensen<sup>1</sup>, Ingibjörg Jónsdóttir<sup>2</sup>, Kristjana G. Eyþórsdóttir<sup>1</sup>, Finnur Pálsson<sup>2</sup>, Andri Gunnarsson<sup>3</sup>, Hlynur Skagfjörð Pálsson<sup>4</sup>, Gunnar Sigurðsson<sup>1</sup>, Ragnar H. Þrastarson<sup>1</sup>, Oddur Sigurðsson<sup>1</sup> og Tómas Jóhannesson<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Veðurstofu Íslands

<sup>2</sup> Jarðvísindastofnun Háskólans

<sup>3</sup> Landsvirkjun

<sup>4</sup> Jöklarannsóknafélagi Íslands

*Jökulhlaup* heitir vatnssorfin hrauntröð syðst í Geitlandi, vestan Langjökuls. Á liðnu sumri kom snöggt jökulhlaup í farveg Svartár, sem liggur um aðra hrauntröð á svæðinu. Upptökin voru í jaðarlóni, sem myndast hefur eftir síðustu aldamót við Hafrafell suðaustanvert, framan Flosajökuls.

Heimamenn á Húsafelli tóku eftir auknu rennsli í Hvítá að kvöldi 17. ágúst 2020 og sáu í könnunarflugi að hlaup hafði komið í Svartá. Þegar rennsli var í hámarki undir Hvítárbrú við norðurjaðar Húsafellsskógar vantaði lítið á að hlaupvatn næði upp undir brúargólfið. Neðar í Borgarfirði barst eðja upp í ósa áa sem falla í Hvítá og dauðir laxar fundust á engjum.

Dagana eftir hlaupið var farið á vettvang við Hvítá og Svartá, kannaðar gervitunglamyndir af svæðinu og lónið ljósmyndað í könnunarflugi, auk þess sem gengið var að því frá vesturjaðri jökulsins. Niðurstöður forkönnunar eru þessar helstar:

Jaðarlón hefur myndast í um 890 m hæð við Flosajökul, sem liggur að Flosaskarði að sunnan. Fyrir hlaup var lónið um 3.5 km langt og 0.5 km breitt og hafði þá afrennsli til vestara Flosavatns, 2 km norðar.

SENTINEL-2 gervitunglamynd sýnir að hlaupvatn er komið í farveg Svartár 17.8. kl. 13:03 og má því álykta að hlaupið hafi hafist fyrir hádegi þann dag. Talið er að hlaupið hafi verið í hámarki við Hvítárbrú í Húsafellsskógi kl. 20:30. Vatnshæðarmælir við Kljáfoss í Hvítá sýnir að rennsli eykst eftir kl. 14 og nær hámarki kl. 01:45 að morgni 18.8. Grunnrennsli var þá rúmlega 80 m<sup>3</sup>/s en nær mest 257 m<sup>3</sup>/s í hlaupinu, sem er yfirstaðið við Kljáfoss um kl. 14 þann 18.8. Hlauplitur hélst þó á ánni í nokkra daga á eftir og nýir setbunkar sáust við Hraunfossa. Á Svartáraurum bar mikið á dæmigerðu hlaupseti sem áin hafði borið fram og náði allt að 50 cm þykkt. Ekki eru vísbendingar um að jarðhiti hafi átt þátt í myndun lónsins við Langjökul og leiðnimælingar gáfu ekki til kynna að jarðhitavökvi hefði blandast hlaupvatninu.

Útlínur lónsins fyrir og eftir hlaup voru dregnar á SENTINEL-2 myndum og reiknast flatarmálið 1.29 km<sup>2</sup> fyrir hlaup en 0.46 km<sup>2</sup> eftir hlaup. Lækkun vatnsborðs við hlaup mældist um 4 m og rúmmál þess vatns sem hljóp úr lóninu er metið 3.25 milljónir rúmmetra. Kemur sú tala ágætlega heim við uppsafnað hlauprúmmál við Kljáfoss, 3.4 milljónir rúmmetra. Hlaupvatnið rann undir 2 km langt jökulhaft við Hafrafell og við útfallið úr lóninu sést að nokkurra metra þykkur jökulsporður hefur lyfst og vatnið svo þröngvað sér þar undir. Búast má við að lónið geti stækkað enn við frekari hörfun jökulsins og verður fylgst með hættu á jökulhlaupum úr lóninu á komandi árum.

20. nóvember 2020

# Frá ritstjórn Náttúrufræðingsins

Þóroddur F. Þóroddsson

Ritstjórn Náttúrufræðingsins

Í ritstjórn Náttúrufræðingsins, þar sem höfundur hefur setið frá 2014, er reglulega rætt um að í ritinu mætti vera hærra hlutfall greina og pistla um jarðfræði. Gerð verður gróflega grein fyrir fjölda greina í ritinu á sviði jarðfræði og umfangi þeirra, síðustu ár og hugleitt hvernig megi auka hlut jarðfræðinnar í ritinu.